

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 2. mars, 2022

Auglýstur fyrirlesari: Brynjólfur Ingvarsson, læknir

Efni: "Guðfaðir geðveikinnar á Akureyri"

Mættir: 46 skráðir, þar af fáeinir makar félagsmanna.

Þessi fundur var sá fyrsti um nokkurt skeið sem er haldinn á venjulegum tíma en hann varð þó ekki alls kostar venjulegur. Formaður setti fund og greindi fyrst frá því að fyrirlesari dagsins, Brynjólfur Ingvarsson, hefði boðað forföll þá um morguninn og það var of stuttur fyrirvari til þess að afboða fund. Fyrirlesari hafði boðað að staðgenglar hans myndu verða á fundinum, en þegar til átti að taka var aðeins annar þeirra, **Magnús Skúlason** mættur við upphaf fundar. Svo fór að Óttar formaður og Magnús sögðu báðir nokkuð frá efni nýútkominnar bókar Brynjólfs sem hann nefnir "Guðfaðir geðveikinnar". Í bókinn segir Brynjólfur frá baráttu sinni við að koma á fót geðlæknisþjónustu utan Reykjavíkur. Þá gekk á ýmsu og m.a. voru "Bræðurnir Helgason", Tómas og Lárus, þessu mjög andsnúnir. Fyrstu árin voru erfið en allt blessaðist þetta að lokum. Bæði Óttar og Magnús krydduðu mál sitt með kveðskap Brynjólfs. Ekki spunnust um þetta frekari umræður og þá kynnti Óttar til leiks **Gísli Einarsson**, stjórnarmann, en hann hafði brugðist skjótt við tíðindum morgunsins og dregið fram fyrirlestur sem hann átti tilbúinn um lækninn Jörgensen, sem við þekkjum sem Jörund hundadagakonung. Gísli hefur kannað ævi Jörgensens og m.a. komið á slóðir Jörgensens í Tasmaníu, en þar var hann seinustu ár sinnar viðburðaríku ævi og var virtur vel. En Jörgensen hafði þegar siglt um heimsins höf og heimsóttt allar álfur áður en hann kom til Íslands, og hundadagaævintýrið var mjög stuttur kafli í ævi hans. Eftir það var hann fangi í Englandi, lagðist í drykkjuskap og spilafíkn, en hann átti góða vini sem hjálpuðu honum og þá lagði hann stund á læknisfræði. Gísli hefur reiknað út að vinnustundir Jörgensens í læknanámi hafi verið þrefalt fleiri en venjulegur íslenskur læknanemi skilar í dag. Bráðskemmtilegt erindi um breyskan snilling og nóturlega gert af Gísli. Nokkrir fundarmenn bættu við fleiri fróðleiksmolum um Jörund. Formaður sleit fundi kl. 17 og fóru menn glaðir heim.

Helga M. Ögmundsdóttir